



Kennsluáætlun STÆR2RU05

Haust 2019

Markmið:

- Nemendur kynnist frumhugtökum Evklíðskrar rúmfraði.
- Nemendur þekki hornasummu þríhyrninga og geti notað þá þekkingu við lausn viðfangsefna.
- Nemendur læri að notfæra sér reglur um hringi og horn við þá.
- Nemendur tileinki sér reglu Pýþargórasar og reglur um einslaga þríhyrninga.
- Nemendur þjálfist í flatarmáls- og rúmmálsreikningum.
- Nemendur kynnist skilgreiningum á hornaföllum, þ.e. sínus, cosínus og tangens og reglum um þríhyrninga leiddum af þeim.

Stefnt er að því að upplýsingatækni geti orðið hjálpartæki í áfanganum.

Kennslubækur og önnur kennslugögn:

- STÆ 103 eftir Jón Þorvarðarsson. Reykjavík 2012
- Ljósritað ítarefni frá kennara.
- Vasareiknir (scientific), reglustríka og gráðubogi.
- Nemendum er bent á að notfæra sér stærðfræðivefinn **rasmus.is** (frekari upplýsingar hjá kennara).

Námsmat:

Námsmat byggir á:

1. Árangri á kaflapróf/skyndipróf/tímaverkefni (30%).
2. Árangri á skriflegu lokaprófi (70%).

Vetrareinkunn reiknast inn í lokaiekunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaiekunn nemenda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Til athugunar:

Sérstök áhersla er lögð á að nemendur sýni vandvirkni, nákvæmni og öguð vinnubrögð við frágang. Þess er krafist að nemendur setji fram útreikninga og niðurstöður á skýran og greinargóðan máta. Slæmur frágangur hefur í för með sér lægri einkunn.

Fjarvera úr kennslustund lengur en 10 mínútur jafngildir F í viðveruskrá.

Áætlun um yfirferð í áfanganum:

Vika	Efnisatriði	Blaðsíðutal
34	7. Kafli. Um horn	113-118
35-37	8. Kafli. Þríhyrningar	119-172
38-39	9. Kafli. Hringir	173-196
40-41	10. Kafli. Flatarmál	197-216
42-45	11. Kafli. Rúmmál. Yfirborð	241-256
46-48	12. Kafli. Hornaföll	217-240
49	Upprifjun	

Verkefnaskil og próf:

Á önninni verða lögð fyrir 4 lotupróf.

Nemanda er skyld að taka öll kaflaprófin nema lögmaet forföll komi til. Sé nemandi fjarverandi þá kennslustund sem tilkynnt hefur verið um próf fær hann einkunnina 0 fyrir þann námsþátt, nema lögmaet forföll komi til.

Nemandi sem uppfyllir 65% námsmarkmiða verkefna annarinnar, getur ef hann vill sleppt lokaprófi.

Athugasemdir og skýringar:

Nemendur eru hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara, en tímasetning þeirra verður auglýst fljótlega.

Nemandi skal alltaf mæta í kennslustundir með þau gögn og verkfæri sem til er ætlast.

Ef út af þessu bregður getur kennari skráð F á viðkomandi nemanda.

Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

F.Su. 16. águst 2019

Með ósk um góðan árangur á önninni.

Kjartan Ólason (KÓ)
Magnús Másson (MM)

